13. Ritdómur biskupsins.

1 blað qto.

Aldraður maður, sem um fleiri ár hefir gegnt einu hinu lang-erviðasta og ábyrgðarmesta opinberu embætti landsins og talinn að hafa rækt það með dæmafárri alúð og samviskusemi, m. a. á þann hátt, að við tvennar, árlega framkvæmdar endurskoðanir lögskipaðra endurskoðunar manna, er allt í besta lagi hjá honum – er af yfirmönnum hans tvívegis kærður til æðstu stjórnarvalda landsins og þess mjög freklega krafist, að hann sé án tafar og rannsóknarlaust sviftur embætti án allra bóta.

Aðalkærandinn heldur samtímis úti víðlesnu vikublaði og svívirðir manninn á allan hátt, án þess að hann fái að bera hönd fyrir höfuð sér, að öðru leyti en því, að bíða úrskurðar yfirvaldanna um það, hvernig þau líta á málið.

Í báðum málunum úrskurðar æðsta yfirvald landsins, að maðurinn sé ekki einungis algjörlega saklaus, heldur og víti mjög harðlega ofsóknir og ákærur ákærendanna.

Til þess að sýna alþjóð manna málið í heild sinni, hvernig í því lá og hve fráleitar ákærurnar voru og allsendis óhæfilegar, birtir svo landstjórnin málskjölin öll á opinberan kostnað og með samþykki ákærendanna og sýndi með því sakleysi mannsins, sem engin áhrif hafði eða íhlutun um birtinguna, en sem vitanlega var þó eini vegurinn til þess, að maðurinn fengi viðunandi uppreisn í almenningsálitinu um sakleysi sitt.

Biskup landsins ~~segir~~ fellir um þetta í Kirkjublaði sínu þennan ritdóm: „Ég sé eftir pappírnum!"

Hverju lýsir þessi ritdómur biskupsins um málið?